

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 179/2022

frá 10. júní 2022

**um breytingu á V. viðauka (Frjáls för launþega) og VIII. viðauka
(Staðfesturéttur) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/533 frá 1. apríl 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Kólumbíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/534 frá 1. apríl 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Malasíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins ⁽²⁾.
- 3) V. og VIII. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 10zg (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/207) í V. viðauka við EES-samninginn:

„10zh. **32022 D 0533**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/533 frá 1. apríl 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Kólumbíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 105, 4.4.2022, bls. 60).

10zi. **32022 D 0534**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/534 frá 1. apríl 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 105, 4.4.2022, bls. 60.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 105, 4.4.2022, bls. 63.

sem gefin eru út í Malasíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 105, 4.4.2022, bls. 63).“

2. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 11zg (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/207) í VIII. viðauka við EES-samninginn:

„11zh. **32022 D 0533**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/533 frá 1. apríl 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Lýðveldinu Kólumbíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 105, 4.4.2022, bls. 60).

11zi. **32022 D 0534**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/534 frá 1. apríl 2022 um að koma á jafngildi COVID-19-vottorða sem gefin eru út í Malasíu og vottorða sem gefin eru út í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/953, til þess að greiða fyrir réttinum til frjálsrar farar innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 105, 4.4.2022, bls. 63).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvarðana (ESB) 2022/533 og (ESB) 2022/534, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. júní 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. júní 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING